

Mánudaginn 30. apríl 1962.
 Nr. 31/1962. Þorsteinn Örn Þorsteinsson
 gegn
 borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.

Dómur:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Örn Þorsteinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. apríl 1962.
 Nr. 3/1961. Bæjarútgerð Neskaupstaðar
 (Sigurður Baldursson hrl.)
 gegn
 Magnúsi Hagalín Gíslasyni og gagnsök
 (Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um kjör togaraskiptjóra.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Valtýr Guðmundsson, skipaður setudómari í málinu, ásamt samdómendunum Sveinbirni A. Sveinssyni og Kristni Marteinssyni.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1961. Krefst hann þess, að honum verði aðeins gert að greiða gagnáfrýjanda kr. 58.166.39. Hann krefst málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. febrúar 1961. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 153.156.70 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 46.275.30 frá 31. desember 1957 til 31. desember 1958,

af kr. 98.431.55 frá þeim degi til 31. desember 1959 og af kr. 153.156.70 frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst hann þess, að dæmdur verði sjóveðréttur í b/v Gerpi, NK 106, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi fallið frá kröfu um greiðslu eftirstöðva launa vegna stýrimannsstarfs hans á b/v Agli rauða árið 1954.

Á árunum 1957—1959 var gagnáfrýjandi skipstjóri á b/v Gerpi, sem gerður var út af aðaláfrýjanda. Um kjör hans giltu fyrst og til 1. ágúst 1958 kjarasamningur Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, dags. 23. marz 1955, en eftir það og þar til störfum gagnáfrýjanda á skipinu lauk, um mánaðamótin nóvember og desember 1959, kjarasamningur sömu aðilja, dags. 4. september 1958. Í 2. gr. fyrri kjarasamningsins eru skipstjórum ákveðin aflaverðlaun, 2.25% af nánar tilteknu aflaverði, og eftir 3. gr. skyldi útgerðaraðili auk þess greiða til Lífeyris- og dánarbótasjóðs yfirmanna á skipum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda 0.5% af aflaverði, reiknuðu með sama hætti. Gert er ráð fyrir því, að framlög til sjóðsins muni ekki verða talin til skattskyldra tekna sjóðfélaga. Þá eru og í 3. gr. ákvæði um, að verði vanskil á greiðslu til sjóðsins af hálfu útgerðaraðilja, og sjóðfélagi hætti þátttöku í sjóðnum af þeirri ástæðu, þá hækki aflaverðlaun skipstjóra samkvæmt 2. gr. um 1.25% upp í 3.5%, frá því að vanskil hófust. Sjóðfélaga skal skylt, áður en hann hættir þátttöku í sjóðnum, að tilkynna stjórn Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og stjórn Lífeyris- og dánarbótasjóðsins, að um vanskil sé að ræða, og ber þá stjórn sjóðsins að leita eftir sáttum. Náist ekki samkomulag innan 14 daga, hækka aflaverðlaun samkvæmt framansögðu, frá því að vanskil hófust. Sams konar ákvæði, að því er hér skiptir máli, eru einnig í kjarasamningnum frá 4. september 1958.

Eins og í héraðsdómi greinir, urðu vanskil af hálfu aðal-

áfrýjanda á greiðslum vegna gagnáfrýjanda til Lífeyris- og dánarbótasjóðsins öll árin 1957—1959. Með bréfum, dags. 15. marz 1960, tilkynnti gagnáfrýjandi stjórn Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og stjórn Lífeyris- og dánarbótasjóðsins, að hann mundi hætta þátttöku í sjóðnum vegna framangreindra vanskila aðaláfrýjanda, ef ekki yrði úr bætt innan 14 daga. Þar sem engin skil voru gerð, taldi gagnáfrýjandi þátttöku sinni í sjóðnum lokið að liðnum þessum 14 dögum, og höfðaði hann síðan mál þetta í héraði með stefnu 5. maí 1960.

Eftir skýrum ákvæðum kjarasamninganna á gagnáfrýjandi rétt á hækkun aflaverðlauna fyrir árin 1957—1959 um 1.25%, þar sem þátttöku hans í sjóðnum lauk vegna vanskila aðaláfrýjanda, eins og að framan er rakið. Má fallast á rök héraðsdóms fyrir því, að ekki skipti máli um þetta, þó að stjórn Lífeyris- og dánarbótasjóðsins kunni að hafa látið undan falla að leita eftir sáttum.

Í málinu er enginn ágreiningur um, að hækkun um 1.25% á aflaverðlaunum gagnáfrýjanda árið 1957—1959 nemi samtals kr. 145.416.05 og að orlofsfé af þeirri fjárhæð nemi samkvæmt kjarasamningunum samtals kr. 7740.65. Samanlagðar nema þessar fjárhæðir kr. 153.156.70, eins og gagnáfrýjandi gerir kröfu til, og ber eftir framan-sögðu að dæma honum þá fjárhæð.

Eins og kröfugerð gagnáfrýjanda um vexti er háttað, ber að dæma vexti af framangreindri fjárhæð þannig: 6% ársvexti af kr. 46.275.30 frá 31. desember 1957 til 31. desember 1958, 6% ársvexti af kr. 98.431.55 frá þeim degi til 31. desember 1959, 6% ársvexti af kr. 153.156.70 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 8% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Með því að hin dæmda fjárhæð er að nokkru leyti aflaverðlaun samkvæmt ráðningarsamningi gagnáfrýjanda og telst því til launa hans og að umsamið orlofsfé telst einnig þáttur í launakjörum, þá ber samkvæmt 236. gr. laga nr. 56/1914 að dæma gagnáfrýjanda sjóveðrétt í b/v Gerpi, NK 106, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Bæjarútgerð Neskaupstaðar, greiði gagnáfrýjanda, Magnúsi Hagalín Gíslasyni, kr. 153.-156.70 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 46.275.30 frá 31. desember 1957 til 31. desember 1958, 6% ársvöxtum af kr. 98.431.55 frá þeim degi til 31. desember 1959, 6% ársvöxtum af kr. 153.156.70 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 8% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Svo greiði aðaláfrýjandi og gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Gerpi, NK 106, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og
Lárusar Jóhannessonar.**

Af samanburði á 5., 6. og 7. mgr. 3. gr. samningsins milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis frá 23. marz 1955 og samhljóða ákvæða í sömu málsgreinum 12. gr. samningsins frá 4. september 1958 þykir mega ráða, að 0.5% af aflaverðverðlaunum skipstjóra samkvæmt 6. málsg. nefndar greinar sé raunverulega ekki kaupgreiðsla, heldur féviti vegna vanskila. Upphæð þessi nemur kr. 58.166.39. Vegna skattfrelsis skipstjóra á lifeyrissjóðsgreiðslunum verður upphæð þessi ekki talin bersýnilega ósanngjörn, sbr. 35. gr. laga nr. 7/1936. Hins vegar fylgir sjóveðréttur ekki þess-

um hluta hinnar dæmdu upphæðar og ekki heldur réttur til orlofsfjár af henni.

Að öðru leyti erum við sammála dóminum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 28. nóvember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 7. nóvember 1960, er höfðað með stefnu, útgefinni hinn 5. maí 1960 og birtri sama dag af Magnúsi Hagalín Gíslasyni, Langholtiavegi 146, Reykjavík, gegn Bæjarútgerð Neskaupstaðar til greiðslu á iðgjöldum til Lífeyris- og dánarbótasjóðs skipstjóra og 1. stýrimanna á skipum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að borga sér kr. 59.166.39 ásamt 200% samningsbundnu álagi á kr. 1.000 og 150% álagi á kr. 58.166.39 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 3.000.00 frá 31. des. 1954 til 31. des. 1957, af kr. 49.275.30 frá þeim degi til 31. des. 1958, af kr. 101.431.55 frá þeim degi til 31. des. 1959 og af kr. 157.321.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eða kr. 16.347.00. Ennfremur krefst stefnandi orlofsfjár, 6% af kr. 148.416.05, eða kr. 8.904.00.

Ennfremur, að viðurkennt verði, að stefnandi eigi sjóveðrétt til tryggingar kr. 3.000.00 vegna ársins 1954 í vátryggingarfé b/v Egils rauða, NK 104, og einnig til tryggingar kr. 154.321.00 vegna árána '57—'59 í b/v Gerpi, NK 106.

Stefndi hefur gert þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður gegn greiðslu á kr. 18.793.77, sem er iðgjaldsupphæð vegna stefnanda árið 1959 og gegn greiðslu á kr. 1.000.00, sem eru iðgjaldseftirstöðvar vegna stefnanda árið 1954, svo og krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1954 var stefnandi 1. stýrimaður á togskipi stefnda, b/v Agli rauða, NK 104, og síðan skipstjóri á skipi stefnda, b/v Gerpi, NK 106, árin 1957 til 1959. Stefnandi var á þessum tíma meðlimur í Skipstjóra og stýrimannafélaginu Ægi og stefndi í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Samkvæmt samningi milli þessara stéttarféлага, dags. hinn 23. marz 1955, og samningi, dags. hinn 4. september 1958, eru eftirgreind samningsákvæði gildandi milli stéttarféлага málsaðilja allan fyrrgreindan tíma, sem stefnandi var starfandi á skipum stefnda, sem fyrr greinir: 2. gr. samnings, dags. hinn 4. sept. 1958.

„Auk mánaðarkaups samkvæmt 1. grein skal greiða skip-

stjóra 2.25% og 1. stýrimanni 1.25% af heildarsöluverði, að frá-dregnum 17%. Á þau aflaverðlaun, er þannig fást, greiðist 5% uppbót.

Nú verður aflinn eigi fluttur á erlendan markað, en skipað á land í innlendri höfn, og greiðast þá sömu aflaverðlaun og með því verði, sem um getur í 3. grein.

Þegar skipið tekur afla úr öðru skipi til flutnings á erlend-an markað til viðbótar eigin afla sínum, skulu aflaverðlaun af þeim hluta farmsins skiptast að jöfnu milli skipstjóra og 1. stýrimanns beggja skipanna.

En sé keyptur fiskur til viðbótar eigin afla til sölu erlendis, skal kaupverð dragast frá heildsöluverði.“

12. grein samnings, dags. hinn 4. sept. 1958.

„Til lífeyris- og dánarbótasjóðs yfirmanna á skipum F.Í.B. greiðir útgerðin til tryggingar skipstjóra 0.5% af þeirri upp-hæð, sem lýsis- og aflaverðlaun eru reiknuð af, og til 1. stýri-manns 0.25% af þeirri upphæð, sem lýsis- og aflaverðlaun eru reiknuð af. F.Í.B. skal gæta þess, að hver einstakur útgerðar-maður standi við greiðslur lífeyrissjóðsins, og ber stjórn sjóðs-ins og yfirmönnum skipanna að tilkynna tafarlaust til skrifstofu F.Í.B., ef misbrestur er á greiðslum.

Ef greiðsla lífeyrissjóð til skipstjóra og stýrimanns nemur meira en kr. 25.000.00, sem er hámarksgreiðsla samkvæmt reglu-gerð sjóðsins, skal þeirri upphæð, sem er fram yfir kr. 25.000.00, bætt við tekjur skipstjóra eða stýrimanns og reiknast það þá skattskyldar tekjur.

Iðgjöld þau, er útgerðarmenn greiða í sjóðinn vegna skip-stjóra og 1. stýrimanns, sbr. reglugerð lífeyris- og dánarbóta-sjóðs yfirmanna á skipum F.Í.B., staðfesta af Fjármálaráðuneyt-inu, dags. 10/11 1954, teljast ekki skattskyldar tekjur þeirra. Nú fellur skattfrelsi skipstjóra og stýrimanna vegna iðgjalda þessara úr gildi án samþykkis þeirra eða gildi þeirra rýrnar verulega af öðrum ástæðum, er stéttarfélagi þeirra þá heimilt að hætta þátttöku í nefndum tryggingarsjóði, og hækka þá frá sama tíma aflaverðlaun samkvæmt 2. grein þannig, að aflaverð-laun skipstjóra verða 3% og aflaverðlaun 1. stýrimanns 1.5%. Greiðslur til sjóðsins skulu inntar af hendi reglulega á þriggja mánaða fresti. Ef svo er ekki, skulu það talin vanskil, og er sjóðfélaga þá heimilt að hætta þátttöku í nefndum sjóði, og verða aflaverðlaun til skipstjóra þá 3.5% og til 1. stýrimanns 2%, reiknað á sama hátt og 2. grein kveður á um. Þó skal sjóð-

félaga skylt að tilkynna stjórn F.Í.B. og stjórn sjóðsins, að um vanskil sé að ræða, áður en hann hættir þátttöku í sjóðnum, og ber stjórn sjóðsins þá að leita eftir sáttum. Náist ekki samkomulag innan 14 daga, verða aflaverðlaun frá því að vanskil hófust, eins og áður er greint (sic). Þeim skipstjórum og 1. stýrimönnum, er eru 50 ára og eldri og ekki hafa áður fyrir þann aldur verið félagar í lífeyris- og dánarbótasjóðnum, er heimilt að ákveða, að greiðslur í sjóðinn skuli ekki inntar af hendi þeirra vegna, og ber þá skipstjóra 3% og stýrimanni 1.5% í aflaverðlaun í stað þess, er ákveðið er í 2. grein.“

Alveg hliðstætt ákvæði er í 3. grein samningsins milli fyrrgreindra stéttarfélaga, dags. hinn 23. marz 1955, og gildandi frá 1. október 1954.

Iðgjöld þau, sem stefnandi telur vangreidd af stefnda til lífeyris- og dánarbótasjóðsins sín vegna, eru þessi samkvæmt reikningi sjóðsins á dskj. nr. 2:

Iðgjald vegna vistar stefnanda sem stýrimanns á	
b/v Agli rauða 1954 (eftirstöðvar)	kr. 1.000.00
Iðgjald vegna vistar stefnanda sem skipstjóra á	
b/v Gerpi 1957	— 18.510.12
Iðgjald vegna vistar stefnanda sem skipstjóra á	
b/v Gerpi 1958	— 20.862.50
Iðgjald vegna vistar stefnanda sem skipstjóra á	
b/v Gerpi 1959	— 18.793.77
	Kr. 59.166.39

Með bréfi, dags. hinn 15. marz 1960, segir stefnandi sig síðan úr sjóðnum með því að tilkynna stjórn F.Í.B. og stjórn sjóðsins þessa ákvörðun sína.

Ekki er vitað, hvort stjórn sjóðsins hefur leitað eftir sáttum, en víst er, að engar sættir hafa orðið, þar eð stefnandi hefur höfðað mál þetta og bundið kröfur sínar í málinu við samningana.

Þegar vanskil eru orðin á greiðslu iðgjalda til sjóðsins, sem er sannað í máli þessu, leggur samningurinn sjóðsaðilja þær skyldur á herðar að tilkynna sjóðsstjórninni og stjórn F.Í.B. um þá ákvörðun sína, að segja sig úr sjóðnum. Samningarnir leggja engar skyldur á herðar sjóðsaðilja varðandi umrædda sáttaumleitan sjóðsstjórnarinnar, og verður það því ekki talið geta skert rétt stefnanda, þótt stjórnin hafi ekki leitað sátta, eins og samningarnir segja til um.

Nr. I. Iðgjaldseftirstöðvar, að upphæð kr. 1.000.00, frá árinu 1954.

Stefndi hefur haldið því fram undir rekstri málsins, að krafa þessi væri fyrnd samkvæmt 2. tölul. 3. gr. fyrningarlaganna. Á þessa staðhæfingu stefnda verður ekki fallizt bæði af þeirri ástæðu, að þessar samningsbundnu iðgjaldagreiðslur verða ekki taldar falla undir 2. tölul. 3. gr. fyrningarlaganna og að eftir eðli málsins gat fyrningarfrestur ekki hafizt fyrr en stefnanda voru kunn vanskilin.

Úrsögn stefnanda úr lífeyrissjóðnum hinn 15. marz 1960 telst lögleg, og samkvæmt 3. gr. samningsins milli stéttarfélaga málsaðilja frá 23. marz 1955 verður álag það, sem reiknast á vanskilaupphæðina, er svo stendur á sem hér, 200%, þannig að þessi liður í kröfugerð stefnanda viðurkennist, kr. 3.000.00.

Kröfu stefnanda um 8% ársvexti af þessum lið frá 1. jan. 1955 til greiðsludags verður að hafna, þar eð reikningur lífeyris- og dánarbótasjóðsins á dskj. nr. 2 sýnir ekki, að stefnanda séu reiknaðir vextir til góða, og er því ekki um neitt vaxtatap hjá honum að ræða vegna vanskila stefnda. Hins vegar verða 8% ársvextir að viðurkennast frá þeim degi, er stefnandi hættir þátttöku í sjóðnum, þ. e. er 14 daga fresturinn er liðinn samkvæmt 3. gr. samningsins, eða hinn 29. marz s.l.

Stefnandi hefur gert kröfu um, að sjóveðréttur verði viðurkenndur fyrir kröfulið þessum í váttryggingarfé b/v Egils rauða, NK 104.

Um þetta er það að segja, að ekki verður talið, að lífeyris- og dánarbótasjóðurinn hafi átt sjóveðrétt fyrir kröfunni, á meðan hann átti hana, og því geti sjóveðréttur fyrir kröfunni ekki orðið til við það eitt, að stefnandi segir sig úr sjóðnum með þeim afleiðingum, sem að framan greinir. Verður því að hafna þessari kröfu stefnanda.

Nr. II. Krafa stefnanda, kr. 58.166.39, vegna vistar hans sem skipstjóra á b/v Gerpi, NK 106, árin 1957 til 1959:

Eins og áður greinir, eru þau ákvæði samninganna milli stéttarfélaga málsaðilja, sem hér koma við sögu í gildi árin 1957 til 1959.

Þar eð úrsögn stefnanda úr lífeyris- og dánarbótasjóðnum telst lögleg, sem fyrr greinir, verður þessi kröfuliður að viðurkennast með 150% álagi eftir 3. gr. samningsins frá 23. marz 1955 og 12. gr. sbr. 2. gr. samningsins frá 4. september 1958. Verður þessi liður að upphæð kr. 145.416.05.

Fyrir upphæð þessari hefur stefnandi krafizt sjóveðréttar í b/v Gerpi, N K 106, og 8% ársvaxta af kröfunni, eins og hún var við hver áramót, sem að framan greinir.

Þessum kröfum stefnanda verður að hafna, af sömu ástæðum og gert er undir I hér að framan, en hins vegar verður að viðurkenna stefnanda til handa 8% ársvexti frá þeim tíma, er hann er löglega genginn úr lífeyris- og dánarbótasjóðnum, eða frá 29. marz 1960. Um rökstuðning vísast í I hér að framan, eftir því sem við á.

Nr. III. Orlofsfjárfkrafa stefnanda, 6% af kr. 148.416.05, eða kr. 8.904.95.

Krafa þessi er algjörlega órökstudd af hálfu stefnanda, og ber þegar að hafna henni, að því leyti sem tekur til álagsins samkvæmt samningnum, þar eð ekki verður talið, að álagið falli undir „laun“ í lögum nr. 16/1943 um orlof. Ber þá að athuga, hvort stefnandi eigi rétt á 6% orlofi af vanskilaupphæðinni, kr. 59.166.39. Hinn 18. febr. 1957 er orlofsfé hækkað úr 4% í 6%, sbr. 3. gr. laga nr. 8/1957, og er þá sýnilegt, að stefnandi ætti ekki nema 4% af eftirstöðvakröfunni, kr. 1.000.00, frá 1954 og líklega einhverri upphæð vegna ársins 1957. En þetta er algerlega ósundurgreint og órökstutt af stefnanda hálfu, þar sem hann reiknar 6% orlofsfé af allri upphæðinni í kröfugerð sinni, og hefur síðan ekki getið um þennan kröfulið í rekstri málsins.

Auk þess ber að líta á það, að orlofsfé skal greiða með orlofsmerkjum með vinnulaunum, sbr. lög nr. 16/1943, og hefur ekkert komið fram um það í málinu, að stefnda hafi ekki þegar greitt stefnanda orlofsfé það, sem hér er stefnt um. Af ofangreindum ástæðum verður þessi krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnanda málskostnað úr hendi stefnda samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, að upphæð kr. 14.800.00.

Mál þetta hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Neskaupstaðar, greiði stefnanda, Magnúsi Hagalín Gíslasyni, kr. 148.416.05 ásamt 8% ársvöxtum frá 29. marz 1960 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 14.800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. maí 1962.

Nr. 46/1962. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Tómas Jónsson hrl.)

gegn
Oliufélaginu h/f (Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhann-
esson prófessor.**

Endurheimt ofgreidds útsvars.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1962 og krafizt sýknu og málskostnaðar af stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði stefnda, Oliufélaginu h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.